

BRÉF TIL BLAÐSINS

Frá Guðbiri Jónssyni:

ÉG VAR einn þeirra er sóttu aðalfund Geðhjálpar, laugardaginn 31. mars sl. Ég hef ekki verið félagsmaður í Geðhjálpar, en um árabil fylgst með starfsemi félagsins úr fjarlægð. Um nokkra mánaða skeið hafði ég verið að heyra um spennu milli starfsmanna og stjórnar Geðhjálpar. Heyrst hafði að stafsmönnum væri víkið úr starfi, fyrirvara-laust, en samt þurft að greiða þeim laun í uppsagnarfresti. Lífur út fyrir að slíkir stjórnunarhættir hafi kostað Geðhjálpar vel á aðra milljón. Ég hafði einnig heyrt, að starfsmenn sem helgað höfðu skjólstaðingum þessa félags starfskrafta sína um árabil töldu líkur á að þeir myndu missa starf sitt að afstöðnum þessum aðalfundi. Af öllum þessum lausafregnum tók ég þá ákvörðun að gerast félagsmaður í Geðhjálpar daginn fyrir aðalfund og mætti til fundar rétt fyrir kl. 14:00.

Er ég kom í fundarasalinn var þegar kominn nokkur fjöldi manna, á að gíska 150 manns. Fáir bættust við eftir að ég kom; gætu hafa verið 10 manns. Vel mátti skynja spennu í loftinu og fljótlega var mér réttur

miði með nöfnum fólks er byði sig fram til stjórnarkjörs og starfs fundarstjóra. Greinilegt var að miðinn var útbúinn af stuðningsmönnum þeirra sem þar buðu sig fram. Eftir að hafa fengið mér eintak af fundargögnum og séð að í skýrslu stjórnar var stillt upp framboði stjórnarfólks fannst mér ekkert óeðlilegt að mótframboðið reyndi að koma sér á framfæri við fundarmenn með þessum hætti.

Fráfarandi formaður setti fundinn og bar upp tillögu um fundarstjóra. Kom þá fram tillaga um annan fundarstjóra, svo kjósa þurfti á milli þeirra. Varpaði formaður þá fram þeirri eðlilegu spurningu, hvort allir sem væru á fundinum væru skráðir félagsmenn í Geðhjálpar. Kom þá upp sá mis-skilningur einhverra fundarmanna, að þeir þyrftu ekki að vera félagsmenn; nógværi að þeir vildu styðja tilgang félagsins. Það þá um orðið sá maður sem formaður hafði tilnefnt sem fundarstjóra. Það hann

fólk að gæta stillingar og gerði tillögu um að fundi yrði frestað. Var þeirri tillögu mótmælt af fjölmörgum fundarmönnum. Var þá borin fram önnur tillaga, um að þeir sem á fundinum væru og óskuðu að taka þátt í fundarstörfum skráðu sig í félagið áður en fundarstörf hæfust eða vikju af fundi. Tók formaður undir þessa tillögu og mæltist til að þeir sem ekki væru þegar skráðir félagsmenn skráðu sig hjá þeim aðila sem hún tilnefndi.

Er skráning hófst kom upp sá orðrómur að einungis þeir sem greitt hefðu félagsgjaldið hefðu heimild til atkvæðagreiðslu. Skapaði þetta mikinn óróa meðal skráðra félagsmanna sem höfðu ekki greitt árgjaldið. Einkanlega vegna þess að ekki var hægt að greiða gjaldið á fundinum. Þar sem þetta olli nokkurri spennu leit ég í lög félagsins, sem voru meðal fundargagna. Í 5. og 6. gr. laganna er fjallað um aðalfund. Þar er hvergi minnst á að atkvæðisréttur sé

bundinn því að hafa greitt félagsgjaldið. Er fólk gerði sér grein fyrir þessu róaðist það og settist og beið framhaldsins. Er skráningu nýrra félaga var lokið tilkynnti formaður að hún hefði ákveðið að fresta fundi til 28. apríl nk. Að svo búnu gekk hún á dyr.

Með formanninum gengu af fundi um 30 manns og fáeinir gestir frá öðrum félögum hurfu líka. Eftir sat meginþorri fundarmanna, um 120 manns. Veltu menn fyrir sér heimildum formanns til einhliða ákvörðunar um að fresta fundi. Voru margir félagsvanir menn á því að slíka ákvörðun þyrfti að bera undir fundinn. Leit ég þá aftur í lög félagsins og þar stendur í upphafi 5. greinar.

„Aðalfundur félagsins skal haldinn í marsmánuði ár hvert.“ Fundardagurinn var 31. mars eða síðasti dagur þess frests sem stjórn hafði til að halda aðalfund. Ákvörðun um frestun, fram yfir síðasta dag er lög heimila frestun aðalfundar, verður

að sækja til félagsmanna með atkvæðagreiðslu á fundinum sem þegar hafði verið settur. Slíkt var ekki gert í þessu tilviki. Formaðurinn hafði því fengið rangar leiðbeiningar frá „ráðgjöfum“ sínum. Framhald fundarins var því tvímælaust löglegt, enda meginþorri fundarmanna andvígur frestun.

Harma ber þá lítilsvirðingu sem fráfarandi formaður sýnir fundarmönnum með ummælum sínum í fjölmiðlum. Áfengislykt var finnanleg af einum manni, sem mér skilst að starfi eitthvað fyrir Geðhjálpar. Hann ræddi reyndar mikið við formanninn í því hléi sem varð meðan fólk skráði sig í félagið. Kannski hefur þá þyrmt yfir formanninn. Engin læti urðu á fundinum, umfram eðlileg mótmæli við umdeilanlegum athöfnum. Mér finnst því fráfarandi formaður Geðhjálpar skulda mér og meginþorra fundarmanna afsökunarbeiðni, vegna ósannra og ódrengilegra ummæla í fjölmiðlum. Vonandi ber hún gæfu til að gera það, svo henni verði sómi að.

GUÐBJÖRN JÓNSSON,
Haukshólum 6, Reykjavík.